

Hvaða bækur hafa fylgt þér lengst,
þú hefur lesið oftast eða haft mest áhrif á þig?

Hinn ljúfsári sögulokakvíði

Foreldrar mínir og ömmur mínar voru sem betur fer dugleg við að halda að mér góðum bókum þegar ég var lítill og ég hef aldrei alveg losnað við þörfina fyrir yndislestur, þó það hafi komið tímabil þar sem lítill tími og athygli hafa verið aflögu. Ég hef verið um 8 ára þegar mamma gaf mér bókina um *Elías í Kanada* eftir Auði Haralds. Það er sennilega fyrsta bókin þar sem ég hló upphátt liggjandi á koddanum, þannig að heyrðist fram í stofu. Húmorinn í Elíasar-bókunum stenst tímans tönn og ég hef kynnt syni mína fyrir þeim og það snertir einhvern streng að heyra þá hlæja með sjálfum sér að sömu blaðsíðum og ég áratugum áður. Mæli hiklaust með þeim til að vekja lestrargleði hjá yngri krökkum.

Af bókum sem hafa mótað mig gegnum tíðina má nefna:

Þar sem *Djöflaeyjan* rís og hin- ar bækurnar í eyjaflokki Einars Kárasonar, sem hafa fylgt mér frá unglingsárum og mótað bæði skopskyn og viðhorf mín til breyskleika mannskepnunnar. Ætli ég hafi ekki heimsótt fjölskylduna í Thulekampi á um það bil á tíu ára fresti á síðum bókanna og alltaf verið fagnaðarfundir. Ormur Óðinsson söguhetja *Gauragangs* eftir Ólaf Hauk Símonarson kom vel orðum að tilfinningasveiflum unglingsáranna, hann hef ég þó ekki heimsótt síðan í 10. bekk.


Englar alheimsins er öndvegisbók sem ég las aftur og aftur á unglingsárum. Með einstöku skopskyni ljáir Einar Már Guðmundsson bróður sínum, og í leiðinni öðrum með geðklofa, rödd sem ég er sannfærður um að spilaði lykhlutverk í að auka skilning Íslendinga og minnka fordóma þeirra í garð fólks með geðsjúkdóma.

Á fullorðinsárum hef ég ekki vanið mig á að lesa sömu bækurnar endur-

tekið. Þess í stað hafa komið tímabil þar sem ég ósjálfrátt les bækur sem tengjast með ákveðnum þræði. Nýlega hafa valist bækur um baráttu og bjargráð lítilmagnans gagnvart ofurefli, hvort sem er í formi nýlendukúgunar, þrælahalds eða blöndu af því. Af þeim get ég nefnt:

Lifandilifslækur eftir Bergsvein Birgisson er óheyrilega falleg bók um hokur og örbirgð fólks á Ströndum á 18. öld þar sem duttlungar nýlenduvaldsins gera því ókleift að lifa, í stað þess að eingöngu lifa af.

The Underground Railroad eftir Colson Whitehead er raunsönn og bersögul lýsing á botnlausri grimmd þrælahaldsins í Bandaríkjunum, sögð frá sjónarhóli plantekruprælsins Coru sem í örvænt-




Jóhann Sigurjónsson
svæfinga- og gjörgæslulæknir

merkilegt og þessi vel skrifaða bók ómisandi fyrir áhugasama um nútímasögu. Honum virðist óþarft að fara hnjóðsyrðum um nokkurn samferðamanna sinna í leik og starfi, og finnur leið til að bera næstum öllum vel söguna með örfáum undantekningum undir lokin.

Þar sem ég lá við sundlaugarbakka með síðustu bókina í 60 kílóa þrileiknum sendi ég svohljóðandi skilaboð á fagur-

ingu leggur á flóttu frá suðurríkjunum. *James* eftir Percival Everett er ótrúlega snjöll nálgun á sama efni þar sem sagan um Stikilsberja-Finn er sögð í fyrstu persónu þrælsins Jim, sem vitaskuld heitir James. Lesandinn fær skýra tilfinningu fyrir því hvernig þjáningarópin bergmála gegnum kynslóðirnar og marka líf fólks enn í dag, og hvers vegna gáru mannvönskunnar hverfa seint, ef nokkurn tímann, af yfirborði sögunnar.

Af allt öðrum toga, en ég má til með að nefna, er bókin *On Call*, sjálfsævisaga Anthony Fauci sem vart þarf að kynna fyrir lesendum *Læknaþlaðsins*. Ævistarf hans í eldlínu sóttvarnarmála er stór-



kerann, hryggjarskurðlækninn og alda- vin minn, Njál Vikar Smárason: „Ég fékk hana í jólagjöf og fékk sögulokakvíða um leið og ég byrjaði á henni, þess vegna kláraði ég ekki fyrr en um páska“. Það er ómetanleg aukavídd að deila yndislestri og ræða bækur við vini og vandamenn. Fyrir næsta pistil finnst mér liggja beinast við að rétta Njáli keflið.

Ég skora á Njál Vikar Smárason að skrifa næsta bókapistil.